

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar
vegna niðurfellingar reiðleiðar sunnan Þingvallavegar.

Skipulagsstofnun staðfesti, 4. febrúar 2019, breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 14. nóvember 2018.

Í breytingunni felst að reiðleið sunnan Þingvallavegar í Mosfellsdal frá Helgadalsvegi í austri að Suðurá í vestri, er felld niður. Vegtengingar við Þingvallaveg breytast og tvö ný undirgöng eru skilgreind.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 4. febrúar 2019.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.